

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Sivertsen, út- 215
gefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. desember 1960. 20. des.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Sivertsen.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóns Sivertsen. Er hann stofnaður árið 1948 af nemendum Verzlunarskóla Íslands útskrifuðum 1928. Sjóðurinn er eign Verzlunarskóla Íslands og er nú að upphæð kr. 26 364.99.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu skólanefndar Verzlunarskóla Íslands, er ávaxtar hann á hagkvæman og öruggan hátt. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en auka má hann með gjöfum. Gerð skal árlega grein fyrir fjárreiðum sjóðsins, og reikningar hans endurskoðaðir með reikningum skólans. Skulu þeir birtir með reikningum Verzlunarskóla Íslands.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun þeim nemanda verzlunardeildar Verzlunarskóla Íslands, sem á vorprófi sýnir bezta hæfni í stærðfræði. Skólastjóri og stærðfræðikennarar verzlunardeildar ákveða, hverjir nemendur hljóti verðlaun. Verðlaun má veita árlega. Í þessum tilgangi má verja allt að $\frac{3}{4}$ af ársvöxtum sjóðsins, en $\frac{1}{4}$ af ársvöxtum hans ásamt öðrum væntanlegum tekjum skal leggjast við höfuðstólinn.

4. gr.

Verði þær breytingar á Verzlunarskóla Íslands, að breytingar á skipulagsskrá þessari verði nauðsynlegar, er skólanefnd Verzlunarskóla Íslands heimilt að breyta skipulagsskránni, enda samþykki stjórn Verzlunarráðs Íslands breytingarnar.

5. gr.

Skólanefnd Verzlunarskóla Íslands hlutist til um, að skipulagsskrá þessi öðlist staðfestingu forseta Íslands og verði síðan birt í stjórnartíðindum.

G J A L D S K R Á

**um heimtaugagjöld til héraðsrafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum,
kaupúnum og þorpum.**

I. ORKUVEITUSVÆÐI

Gjaldskrá þessi gildir á orkuveitusvæðum eftirtaldrá kaupstaða, kaupúna og þorpa:

Neskaupstaður, Ólafsfjörður, Seyðisfjörður, Hellissandur með Rifshöfn, Ólafsvík, Grafarnes, Stykkishólmur, Búðardalur, Tungu- og Sveinseyrarþorp, Bildudalur, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Bolungavík, Súðavík, Dranganes, Hólmavík, Hvammsangi, Blönduós, Skagaströnd, Varmahlíð í Skagafirði, Hofsó, Dalvík, Hrisey, Ár-